

Fimmtudaginn 22. september 1949.

Nr. 13/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h.**
Verklýðsfélags Skagastrandar
vegna Kjartans Sveinssonar
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd
 (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Úrskurður um gagnasöfnun.

Úrskurður.

Áður en mál þetta er dæmt þykir rétt samkvæmt 56. gr. laga nr. 80 frá 1938, að leitað sé fyllri upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Greint skal svo nákvæmlega sem frekast er unnt, hvenær stefndi auglýsti á Skagaströnd eftir starfsmönnum vorið 1948. Hve lengi auglýsingar þær, er greinir á rskj. 10, voru uppfestar, og hvernig orðalag þeirra var.

2. Aðiljum ber ekki saman um það, hvenær framkvæmdastjóri stefnda og formaður verklýðsfélagsins hafi fyrst átt tal saman um ráðningar vorið 1948. Skal leitað frekari upplýsinga um þetta atriði, og þeir samprófaðir um þetta og efni samtals þeirra, ef ástæða reynist til þess.

3. Greint skal svo nákvæmlega sem kostur er, hvenær Kjartan falaði fyrst vinnu hjá stefnda nefnt vor, og í því sambandi upplýst, hve margir menn, sem ekki voru í Verklýðsfélagi Skagastrandar, voru ráðnir í þjónustu stefnda síldveiðitímamann sumarið 1948, og hvenær ráðning hvers einstaks þeirra fór fram. Ennfremur skal aflað gleggri upplýsinga um það, hvort félagsmenn úr verklýðsfélaginu voru ráðnir til vinnu hjá stefnda, eftir að Kjartani var synjað um vinnu 8. júní 1948.

4. Loks er rétt, að aflað sé upplýsinga um það, hversu hátt- að er ráðningu starfsmanna við aðrar síldarverksmiðjur þar

sem samskonar forgangsréttarákvæði voru í gildi vorið 1948, eða áður, og þau, sem greinir í 1. gr. samnings aðilja á rskj. 3.

Því úrskurðast:

Framangreindra gagna og upplýsinga sé aflað svo fljótt sem unnt er.